



MINNISBLAÐ

Móttakandi: Bæjarráð/Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.
Varðandi: Norðurljósahátíð 2020.
Málsnúmer: 1910024
Dags.: 3. desember 2019.
Málefni: Norðurljósahátíð - Afgreiðsla 108. fundar safna- og menningarmálanefndar.

Safna- og menningarmálanefnd - 108
Haldinn í fundarsal á 3. hæð,
18.10.2019 og hófst hann kl. 17:15

14. 1910024 - Norðurljósín, menningarhátíð í Stykkishólmi (Norðurljósahátíð) árið 2020

Norðurljósín, menningarhátíð í Stykkishólmi, var fyrst haldin í Stykkishólmi í nóvember árið 2010 og hefur verið haldin annað hvert ár síðan, en hátíðin var sett á fót á vegum safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar eftir að bæjarstjórn tók ákvörðun um að fela nefndinni að stuðla að menningarhátíð í Stykkishólmi.

Norðurljósahátíðin var haldin síðast árið 2018 þar sem bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar fól safna- og menningarmálanefnd að sjá að skipuleggja hátíðina, en Þórunn Sigþórsdóttir var framkvæmdastjóri Norðurljósahátíðar árið 2018 líkt og áður. Hátíðin tókst mjög vel og var þátttaka mjög góð, þrátt fyrir að frekar skammur tími hafi gefist til undirbúnings hátíðarinnar, en við undirbúning hátíðar sem þessar er mikilvægt að huga að undirbúningi með góðum fyrirvara svo vel takist til.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2020 liggur ekki fyrir, en gera má ráð fyrir því að drög að fjárhagsáætlun vegna menningartengdra mála ásamt gjaldskrá verði til umræðu á næsta fundi safna- og menningarmálanefndar. Hins vegar, ef engin stefnubreyting verður í þessum málum af hálfu bæjarstjórnar, má reikna með að hátíðin verði haldin á næsta ári og því vert fyrir safna- og menningarmálanefnd að huga að fyrstu skrefum sem hafa þarf í huga við undirbúning hátíðarinnar, með fyrirvara um umfjöllun bæjarstjórnar í þessum efnum, og þá að afla upplýsinga um skipulag og framkvæmd hátíðanna á liðnum árum, sér í lagi vegna ársins 2018.

Með vísan til framanritaðs leggur formaður dagskrárlið þennan fyrir safna- og menningarmálanefnd til umfjöllunar.



Bókun 108. fundar safna- og menningarmálanefndar:

Safna- og menningarmálanefnd óskar eftir skýrslu um Norðurljósahátíðina árið 2018, liggi hún fyrir, og minnir bæjarstjórn á hátíðina í tengslum við fjárhagsáætlunargerð og að undanfarin ár hefur nefnd starfað í tengslum við hátíðina sem skipuð hefur verið starfsfólki safna, tónlistaskóla og Amtsbókasafns ásamt fulltrúa frá safna- og menningarmálanefnd.

Virðingarfyllst,
Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri